

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag frístundabyggðar í Hveramýri, úr landi Garðs.

Á um 6 ha svæði um 500 m austan við bæinn Hvamm er gert ráð fyrir 7 lóðum 2.990-7.393 m² að stærð þar sem heimilt verður að reisa allt að 180 m² frístundahús á tveimur hæðum með 6 m mænishæð. Hámarksnýtingarlutfall er 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. mars 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. maí 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2007